

Ný uppbygging ehf.
b.t. Framkvæmdastjóra
Súðarvogi 7
104 Reykjavík

Tegund skoðunar: Reglubundin skoðun 19/07/2017
Staðsetning skoðunar: Mosagata 4-12
Eftirlitsmaður:
Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Endurskoðun vegna eftirlitsskýrslu A#106682 , dags 17.07.2017 Fyrri fyrirmæli ítrekuð skv. henni.

Frekari frestur er veittur til 24.07.2017 til verða við fyrirmælum. Að öðrum kosti gæti komið til stöðvun vinnu á verkstað.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið. Áður en tilgreindir tímafrestrir til úrbóta renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra til Vinnueftirlitsins.

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Fyrirtækið skal taka eftirfarandi atriði sem athugasemdir eru gerðar við með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir eða endurskoða í fyrirliggjandi áhættumati, sé það til staðar. Það geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Fallvarnir á verkpöllum enn ófullnægjandi. Lagfæra þarf fallvarnir og endurnýja mikið af verkpallaefni.

Endalokanir, hnélista og táborð vantar á verkfallinn. Illa settur upp á nokkrum stöðum.

Fyrirmæli:

Öll vinna á verkpöllum utanhúss er bönnuð. Nema við lagfæringar og beturbætur

Veittur frestur:

01/01/0001

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 2 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Gönguleiðir og umferðaleiðir um verkstaðinn eru hættulegar. Drasl og byggingarefni á gönguleiðum.

Fyrirmæli:

Tryggja skal öryggi starfsmanna á umferðaleiðum um verkstaðinn.

Veittur frestur:

24/07/2017

Lög & reglur:

547/1996: Reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Breytingarreglur nr. 504/1999

Athugasemd 3 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Borðsög og slípirokkur án tilskyldra öryggishlífa í notkun á byggingastað. Notkun þeirra eru bönnuð þar til það hefur verið lagfært.

Fyrirmæli:

Setja skal öryggishlífar á borðsög og slípirokk.

Veittur frestur:

01/01/0001

Lög & reglur:

367/2006: Reglugerð um notkun tækja

Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

